



SAMBAND ÍSLENSKRA BANKAMANNA

SNORRABRAUT 29 • 105 REYKJAVÍK

SÍMAR (TEL.) 552 6944, 552 6252 • TELEFAX 552 1644

STOFNAD 30. JANÚAR 1935

Alþingi

Efnahags- og
viðskiptanefnd Alþingis

Erindi nr. Þ 120,1756

komudagur 29/4

1996

Reykjavík 29. apríl 1996

Varðar: Frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins

Samband íslenskra bankamanna, SÍB, hefur fjallað um frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. SÍB krefst þess að frumvarpið verði dregið til baka án tafar. Það er í hæsta máta óeðlilegt að Alþingi breyti einhliða lögum um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna. Kjarasamningar ríkisstarfsmanna eru gerðir með hliðsjón af ákvæðum laganna. Lögin eru því mikilvægar grundvallarforsendur við gerð kjarasamninga. Því er ósiðlegt að gera breytingar á þeim án þess að samkomulag liggi fyrir við samtök þeirra launamanna sem heyra undir lögin. Réttindi þau sem starfsmann ríkisfyrirtækja njóta samkvæmt lögnum eru hluti af ráðningarkjörum þeirra og slíkum ráðningarkjörum á ríkisvaldið ekki að breyta einhliða og án samkomulags við samtök þeirra starfsmanna sem hlut eiga að máli.

Með því að keyra umrætt lagafrumvarp í gegnum Alþingi er ríkisstjórnin að ófyrirsynju að efna til ófriðar við samtök launamanna, sem erfitt verður að sjá fyrir endann á. Á undanförunum árum hafa samtök launamanna, þeirra á meðal samtök starfsmanna ríkisfyrirtækja, lagt sitt af mörkum til þess að skapa stöðugleika á vinnumarkaði. Umrætt frumvarp er einkennilegt framlag ríkisvaldsins til þeirrar viðleitni og beinlínis þess eðlis að geta kollvarpað þeim ávinningi sem náðst hefur. Því væri skynsamlegast að draga frumvarpið til baka nú þegar og efna til viðræðna um hugsanlegar breytingar á réttindum og skyldum opinberra starfsmanna.

Viðurkennt er af hálfu forsvarsmanna ríkisstjórnarinnar að mikilvæg ástæða þess, að ætlunin er að keyra umrætt frumvarp í gegnum þingið í vor, séu áform um breytingu á rekstarformi nokkurra ríkisfyrirtækja, þeirra á meðal ríkisviðskiptabankanna tveggja. Það er eindregin skoðun SÍB, að rekstarformsbreyting ríkisviðskiptabankanna þurfi mun lengri aðdraganda og undirbúning en ríkisstjórnin hefur ætlað sér til þess verks. Það er veigamikil hagsmunamál eigna bankanna, þ.e. þjóðarinnar, starfsmanna þeirra og viðskiptavina, að ekki verði flanað að þessum breytingum. Því er það skoðun SÍB, að breytingar á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins geti og eigi að bíða þess, að réttmætir samningar náist um þau mál við samtök þeirra launamanna sem undir lögin heyra.

Virðingarfyllst,
f.h. SAMBANDS ÍSLENSKRA BANKAMANNA

Vilhelm G. Kristinnson

Vilhelm G. Kristinnson,
framkv.stj.